

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki 36.220 kr. á hverja jörð eða sumarhús.

#### 2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur 37,61 kr./m<sup>3</sup>. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

|           |            |
|-----------|------------|
| Kind      | 5 l/dag    |
| Geldneyti | 26 l/dag   |
| Kálfar    | 13 l/dag   |
| Kýr       | 65 l/dag   |
| Hross     | 17,5 l/dag |
| Svín      | 10 l/dag   |
| Grísir    | 5 l/dag    |

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

#### 3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1644/2023. Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. desember 2024.

*Borgarnesi, 13. desember 2024.*

**Stefán Broddi Guðjónsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2025